

LANDABRÉF

Fréttabréf Landfræðifélagsins

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Sigfús Jónsson, Jöklaseli 1, R.

1. tbl. 4. árg. febrúar 1982



FLÓAFERÐ 1980

Það var haustið 1980 að þess var farið á leit við mig, að ég tæki að mér að stjórna ferð Landfræðifélagsins „eitt-hvert austur fyrir fjall“. Það lék sem sagt grunur á að ég þekkti þar nokkuð til, einkum þó í Flóanum, en þar hafði ég unnið við undirbúning skipulagsstarfa og m.a. unnið þar mína B.S. ritgerð. Ekki var þó Flóinn nefndur á nafn fyrst er við mig var rætt, enda er það útbreidd skoðun „að fátt sé að sjá á svo flötu landi“. Ég fékk þó fljótlega talið mönnum trú um að vandalaust væri að verja einum degi á þessari flatneskju, og því varð úr að boðuð var Flóaferð þann 13. sept. undir stjórn Jónasar Helgasonar.

Nú var mér orðið ljóst að mér var nokkur vandi á höndum. Ég var sem sagt að draga fjölda manns austur í Flóa og heiður minn í veði að vel tækist til. Ég hafði að vísu fengist nokkuð við fararstjórn, en þá nær eingöngu með útlendinga eða íslenska unglinga, en spurningum þeirra hópa var að jafnaði auðsvarað, og lítill skaði skeður þó af vörum manns hrytu ekki ávallt réttustu svörin. En nú gegndi öðru máli og betra að ekkert bæri nú út af. Hvernig var nú best að fara að? Rifja upp allt sem ég vissi um Flóann? Leita gagna á söfnum? Myndi ég virkilega neyðast til þess að lesa B.S. ritgerðina mína?

En þegar neyðin er stærst er hjálpin einstaka sinnum næst. Mér kom skyndilega í hug að stundum hefði ég á ferðum mínum um Flóann gert mér erindi heim á bæi undir fræðilegu yfirskinu, einkum þó á matar- og kaffitímum. Hafði ég þannig orðið málkunnugur ýmsum helstu höfðingjum í Flóa. Það myndi nú þjóðráð að hafa samband við þá, og biðja þá að hjálpa mér í nauðum. Ég hafði þá samband við Pál í Sandvík og Ágúst á Brúnastöðum og varð mér fljótlega ljóst að ekki þurfti fleiri við og fararstjórn mín yrði í því fólgin að rata heim til

Þessarri manna og e.t.v. að drepa tímann í svo sem eina klst. um miðjan daginn.

Morguninn er lagt skyldi af stað rann upp í sémilegu veðri, en því miður létu allt of fáir ferðalangar sjá sig. Af stað var þó haldið og þegar austur á Kambabrunn var komið var skyggni ágætt yfir Flóann, og skoðuðu menn hann fyrst þaðan. Síðan var haldið sem leið lá í Sandvík og Páll tekinn með í bílinn. Þaðan var haldið í Kaldaðarnes og eytt þar löngum tíma við hernaðarmannvirki þau er þar sjást enn. Hafði Páll frá mörgu fróðlegu að segja, einkum af samskiptum Íslendinga og hermanna, svo og baráttu hermanna við íslenska náttúru og þá einkum Ölfusá sem átti það til að leika þá grátt.

Er skemmt frá því að segja að Páll fylgdi okkur um allan vestanverðan Flóa, niður á Eyrarbakka og Stokkseyri og endaði á því að sýna okkur rjómabúið á Baugsstöðum, eitt elsta rjómabú á landinu. Er búi þessu haldið við til sýnis gestum, og vélar þess gangfærar, en þær eru allar knúðar vatnsorku beint frá yfirfallshjóli sem sett er í læk við vegg búsins. Er Páli hafði verið skilað heim var haldið í áttina upp austanverðan Flóann að Brúnastöðum, en þeir standa upp við Hvítá. Fyrst var þó dvalið góða stund við Þjórsárósa, enda hrikalegt að sjá þar sem þetta mesta vatnsfall landsins mætir úthafsöldunni. Á leiðinni upp með Þjórsá var fylgst með kartöfluupptöku bænda og gerð allsérstæð athugun á kartöflupoka er fannst á veginum. Niðurstöður þeirrar athugunar hafa að vísu hvergi verið birtar.

Ágúst á Brúnastöðum tók okkur vel og fræddi okkur einkum um hina miklu áveitu sem gerð var á Flóann á fyrstu áratugum aldarinnar og sögð á sínum tíma hin mesta norðan Alpa-fjalla. Skoðuðum við meðal annars mannvirkin þar sem vatnið var tekið úr Hvítá, og undruðust menn mjög hvílíkt mannvirki aðalskurður áveitunnar er og ættu menn þó að vera ýmsu vanir nú á tímum.

Þessari yfirreið okkar um Flóann lauk svo með því að ekki varð hjá því komist að þiggja kaffi og pönnukökur á Brúnastöðum og urðu þar hinar skemmtilegustu umræður yfir bollum. Það var því bæði saddur og ánægður hópur sem hélt heim töluvert á eftir áætlun síðdegis þennan Flóaferðardag

RIT Í LANDAFRÆÐI SEM BORIST HAFA Í SAFNDEILD JARÐFRÆÐAHÚSS

FRÁ 1. MARS - 1. NÓVEMBER 1981

304-307 Félags- og borgalandafræði

- 304,2
Jakle, J.A.
Human spatial behavior : a social geography. Scituate, Mass 1976.
- 304.2
Saarinen, T.F.
Perception of environment.
- 304.2
Man, space and environment : concepts in contemporary human geography. N.Y. 1972.
- 304.203
Mac Graw-Hill encyclopedia of environmental science. 2nd ed. N.Y. 1976.
- 304.6
Mor
The more developed realm : a geography of its population. Oxf. 1978.
- 305
Gould, P.R.
Spatial diffusion.
- 306
Jordan, Terry G.
The human mosaic : a thematic introduction to cultural geography. 2nd ed. N.Y. 1978.
- 306
Lanegran, D.A.
An invitation to geography. 2nd ed. N.Y. 1978.
- 307.740973
Muller,
The outer city.
- 307.76
Berry, B.J.
Theories of urban location.
- 307.76
Hartshorn, T.A.
Interpreting the city : an urban geography. N.Y., 1980.
- 307.76
Lakshmanan,
Urbanization and environmental quality.
- 307.76
Moore, R.G.
Residential mobility in the city.
- 307.76
Nat
Locational developments and urban planning. Alphen, 1981.
- 307.76
Stöhr, W.B.
Interurban systems and regional economic development.
- 307.76
Wolpert, J.
Metropolitan neighborhoods.
- 307.76
Nat
Cities in transition : problems and policies. Alphen, 1981.
- 307.76
Systems of cities : readings on structure growth and policy. N.Y. 1978.

- 320 Stjórnmalalandafræði 526.8
Mormonier, M.S.
Maps, distortion and meaning.
- 320.12
Cox, K.R. 526.8
Location and public problems : a
Muehrecke,
political geography of the con-
Thematic cartography.
temporary world. Chicago, 1979.
- 320.12 526.8
Johston, R.J. Peucker, T.K.
Political, electoral and spatial
Computer cartography.
systems : an essay in political
geography. Oxf., 1979.
- 320.9 551.23 Jaróhiti
Soja, E.W.
The political organization of
space.
- 330 Hagran landafræði 551.23
Rinehart, J.S.
Geysers and geothermal energy.
N.Y. 1980.
- 330.9 551.31 Jöklafræði
Thoman, R.S.
The geography of economic activi-
ty. 3rd ed. N.Y. 1974.
- 330.91132 551.31
Harvey, D. International Association of Sci-
Int
Society, the city and the space
entific Hydrology, Commission of
economy of urbanism. snow and ice. Gentbrugge, 1963.
- 338.19 551.31
Berg, L. Int
Mat og makt. Oslo, 1979. Isotopes and impurities in snow
and ice. 1977.
- 338.191724 551.31
George, S. Int
How the other half dies. Symposium on Antarctic geology.
Gentbrugge, 1961.
- 338.4791 551.31
Robinson, H. Sym
A geography of tourism. Snow and Ice : neiges et glaces.
Plymouth, 1976. 1975.
- 526 Landmælingar-kortagerð 551.31
Int
Variations of the regime of ex-
isting glaciers. Gentbrugge,
1962.
- 526.8
Map data catalog.

- 551.31
Int
Reports and discussions. Cent-
brugge, 1966.
- 551.314
Glacial till : an interdiscipli-
nary study. Ottawa, 1980.
- 551.314
Glaciolfluvial and glaciolacustrine
sedimentation. Tulsa, 1975.
- +551.38
551.43
Formen, Formengesellschaften und
Untergrenzen in den heutigen peri-
glazialen Höhenstufen der Hochge-
birge Europas und Afrikas zwischen
Arktis und Äquator. Göttingen,
1977.
- 551.38
Washburn, A.L.
Geocryology. Norwich, 1979.
- 551.4 Landnótunarfræði - haffræði
- 551.43
Formen, Formengesellschaften und
Untergrenzen in den heutigen peri-
glazialen Höhenstufen der Hochge-
birge Europas und Afrikas zwischen
Arktis und Äquator. Göttingen,
1977.
- 551.447
Bögli, Alfred
Karst hydrology and physical spe-
leology. Berlin, 1980.
- 551.45
Coastal sedimentary environments.
N.Y. 1975.
- 551.568
Marine geology and oceanography of
the arctic seas. Berlin 1974.
- 551.4701
Paleocurrents and basin analysis.
Berlin, 1977.
- 551.5 Veðurfræði
- 551.5140911
Exploration of the polar upper at-
mosphere. Dordrecht, 1980.
- 551.6
Frakes, L.A.
Climates throughout geologic
time. Amsterdam, 1979.
- 551.6
Int
Climatic variations and variabili-
ty. Dordrecht, 1981
- 910 Landafraði
- 910.3
Kariel, H.G.
Explorations in social geography.
Reading, 1972.
- 912 Landabréf
- 912
Britannica atlas. Chicago, 1980.
- 912.09
Skelton, R.A.
Maps : a historical survey of
their study and collecting.
Chicago, 1975.
- 912.7291
Atlas de Cuba. La Habana 1978.
- 912.7291
Atlas demografico de Cuba. 1979.
- 912.47
USSR Agriculture Atlas. (Wash.)
1974.
- 912.931
Anderson, A.G.
New Zealand in maps. N.Y. 1977.

914.91 Landafraði Íslands

916 Landafraði Afríku

914.91
Helgi Pjeturss
Ferðabók Dr. Helga Pjeturss.

916
Pritchard, J.M.
Africa : a study geography for
advanced students. Harlow, 1979.

914.91
Horrebow, Niels
Frásagnir um Ísland. Rv. 1966.

Guttormur Sigbjarnarson

ALPAJÖKLAR OG ÖLDUBRJÓTAR - ÚTDRÁTTUR

Erindi þetta fjallar um þá kenningu að verulegur hluti strandsvæða Íslands hafi aðeins verið þakinn alpajökulum á jökulskeiðum kvartertímans og að sjávarrof á hlýskeiðum eigi mjög verulegan þátt í landmótun strandsvæðanna. Sérstaklega á þetta við um suðurströnd landsins og Austfirði. Í ljósi þessarar kenningar verður að gera ráð fyrir mun minni jökulþykkt um allt land á undangengnum jökulskeiðum, heldur en ýmsir höfundar hafa gert ráð fyrir. Þar hafi ávallt verið margar jökulmiðjur og skriðjöklarnir hafi í stórum dráttum lagað sig að núverandi landslagi. Einnig er líklegt að ávallt hafi verið nokkur auð svæði við strendur landsins, þar sem harðgerar plöntur hafi getað lifað af. Kenning þessi byggir á mati á stórum landformum og einnig smærri veðrunarformum.

Erindið verður flutt mánudaginn 8. mars kl. 20³⁰ í stofu 201 Árnagarði og verður það síðasta í röðinni af fyrirlestrum Landfræðifélagsins í vetur.

HVAÐ ER MANNVISTARLANDAFRÆÐI?

Eins og með margar aðrar greinar vísinda er mjög erfitt að skilgreina nákvæmlega viðfangsefni landafræðinnar. Landfræðingar láta sér fá mannleg og náttúruleg fyrirbæri óviðkomandi svo fremi að hægt sé að greina einhver landfræðileg einkenni viðkomandi fyrirbæris. Af þeim sökum verður ekki ráðist í þá heimspekilegu rökræðu hér, að fjalla um hvað sé landafræði og hvað sé ekki landafræði. Í þessari grein verður allt það sem landfræðingar hafa tekið sér fyrir hendur fagi sínu til framdráttar á undanförunum árum talið til landafræði.

Í grófum dráttum má skipta landafræðinni í tvö megin svið, náttúrulandafræði (physical geography) og mannvistarlandafræði (human geography). Fyrirnefnda sviðið fjallar eins og nafnið bendir til aðallega um auðlindir lands og sjávar, veðurfar, gróðurfar, vatnsbúskap, jökla, jarðveg, landmótun og aðra þá náttúrufarslegu þætti er í sameiningu einkenna umhverfi mannsins. Mannvistarlandafræðin fjallar hins vegar um mannlegt samfélag og ýmis landfræðileg einkenni þess.

Allt fram á 6. áratug þessarar aldar var mannvistarlandafræðin á margan hátt líkari listgrein en vísindagrein. Settar voru fram staðreyndir sem oft byggðust fremur á tilfinningum og tilviljanakenndum vettvangsathugunum en nákvæmum rannsóknaraðferðum. Þá byggðist útskýrt orsakasamhengi oft fremur á getspeki en formlegri prófun á tilgátum. Svæðalýsingar landfræðinga mátti allt eins líta á sem frásagnabókmenntir fremur en vísindarit, er byggja mátti fræðilegar alhæfingar á. Langt fram á þessa öld var landkönnun mikilvægur þáttur landafræðinnar. Margir frægustu landfræðingar fyrri tíma voru fyrst og fremst landkönnuðir. Þessir menn lýstu bæði náttúrufari og mannlífi í ritum sínum. Fræðileg-

ar útskýringar á landfræðilegu dreifingarmynstri ýmissa fyrirbæra í mannlegu samfélagi takmörkuðust við umhverfis-
hyggju (environmental determinism), en samkvæmt henni voru búseta og athafnir manna túlkaðar nær eingöngu út frá áhrifum umhverfisins á hverjum stað. Síðari tíma afbrigði umhverfishyggjunnar, „environmental possibilism“, var fræðistefna er lagði áherslu á að áhrif umhverfisins á athafnir og búsetu mannsins væru oft mikil en alls ekki afgerandi. Hagnýtt gildi mannvistarlandafræði fram yfir 1950 takmarkaðist að mestu við þátttöku í umfjöllun um skipulag borga, náttúruvernd og mat á náttúruauðlindum.

Á 6. áratugnum hófst svonefnd aðferðafræðibylting (quantitative revolution) í landafræðinni. Byrjaði hún með tilraunum nokkurra brautryðjenda í notkun tölfræðilegra og stærðfræðilegra aðferða við landfræðilegar rannsóknir. Nýjung þessi var dyggilega studd af vaxandi notkun tölvu um allan heim. Fljótt kom þó í ljós að slíkar aðferðir höfðu sína annmarka. Þrátt fyrir að með tölfræðilegum aðferðum hefði verið sýnt fram á ýmis áður óþekkt tengsl og dreifingarmynstur, vantaði allan fræðilegan bakgrunn til útskýringar á þeim. Ýmsar gamlar hagfræðikenningar og módel, er fjölluðu á einhvern hátt um áhrif staðsetningar og fjarlægðar á atvinnulíf og þjónustu, flest þýsk að uppruna, voru nú dregin fram í dagsljósið og verkin þýdd á enska tungu. Þetta voru m.a. verk von Thünen's (1826), Weber's (1909), Christaller's (1933) og Lösch (1945). Módel sænska landfræðingsins Hägestrand frá 1953 um útbreiðslu nýjunga, varð einnig hvalreki á fjörur landfræðinga, sérstaklega eftir að höfuðrit hans var þýtt á ensku árið 1967. Þá var einnig tekið að nota þyngdarafslsmódelið úr eðlisfræði við landfræðilegar rannsóknir á flæði. Við lok 7. áratugsins má segja að mannvistarlandafræði hafi verið nær óþekktanleg frá því sem var 10-15 árum áður, slíkar voru breytingarnar.

Í kringum 1970 urðu mikil straumhvörf í mannvistarlandafræði, er rannsóknir fóru að snúast meira um eðli og innihald viðfangsefna og minna um endurbætur á rannsóknnaaðferðunum sjálfum eins og verið hafði næstu 10-15 árin á undan. Rann-

sóknir beindust í stórauðnum mæli að ýmsum þjóðfélagsvandamálum samtímans, því ýmsir töldu að hinar ópersónulegu og vélrænu aðferðir í faginu á 6. og 7. áratugnum ættu m.a. sinn þátt í því að landafræðin legði lítið af mörkum til lausnar á helstu vandamálum líðandi stundar. Í stað þess að leita nær eingöngu í smiðju til hagfræðinga, tóku mannvistarlandfræðingar í auknum mæli að leita á náðir félagsfræði, sálfræði og stjórnmálafræði í leit að aðferðum, módelum og kenningum er aðhæfa mætti að landfræðilegum rannsóknum. Síðan þessi straumhvörf hófust, hafa vinsæl rannsóknarverkefni verið m.a. mengun, hungur, fátækt, kynþátta-misrétti, félagslegt misrétti, húsnæðismál, umhverfisskynjun, arðrán ríkra þjóða í löndum þriðja heimsins, byggðavandamál, útivistarmál, skipulagsmál, opinber þjónusta og áhrif opinberra afskipta í atvinnu- og félagsmálum. Borgir eru nú mun meira rannsakaðar en áður, og stærð þeirra svæða er landfræðingar velja sér til rannsókna minnka stöðugt, sérstaklega þó í rannsóknum á umhverfisskynjun og félagsvandamálum í borgum. Þá hefur áhugi á þverrandi auðlindum mannkyns stóraukist.

Fyrir á árum voru breytingar á landfræðilegu dreifingarmynstri ýmissa fyrribæra samfélagsins mjög oft af völdum markaðsaflanna og ákvarðana ýmissa smárra eininga í þjóðfélaginu, t.d. fyrirtækja og einstaklinga. Nú á tímum eru flestar slíkar breytingar af völdum ákvarðanatöku hins opinbera, sem stjórnar athöfnum manna beint og óbeint í meira mæli en áður hefur þekkt. Þetta hefur leitt til stórauðs áhuga landfræðinga á opinberri ákvarðanatöku, þeim ástæðum sem þar liggja að baki og þeim aðstæðum, sem slíkar ákvarðanir eru teknar við, m.a. hvort kjördæmaskipan hafi áhrif á opinberar fjárveitingar.


Á síðustu árum hefur borið nokkuð á tveimur andstæðum hópum innan mannvistarlandafræði á Vesturlöndum, Öðrum frjálslyndum (liberals) og hinum róttækum (radicals). Þeir fyrrnefndu telja að nota beri niðurstöður rannsókna á þjóðfélagsvandamálum til endurbóta á núverandi þjóðfélagskerfi Vesturlanda. Þeir síðarnefndu sem aðhyllast flestir kenningar Karls Marx, telja að breyta verði þjóðfélaginu í grundvallaratrið-

um í því skyni að útrýma mismun og óréttlæti. Á milli þessara tveggja andstæðu hópa má greina hóp manna, sem telur það ekki hlutverk félagsvísinda, svo sem mannvistarlandafræði, að ákveða þarfir fólks og setja upp valkosti í stefnumótun. Að þeirra mati er hlutverk félagsvísinda fyrst og fremst að safna og miðla upplýsingum til almennings.

Mannvistarlandafræði má skipta upp í nokkur undirsvið, en engin hefð er á því hver þau eru, því hvernig sem reynt er að flokka fagið upp í undirsvið verður ekki komist hjá skörum. Á mynd 1 er gerð tilraun til slíkrar flokkunar. Þar er landafræðinni skipt upp í 4 fagsvið: hagræn landafræði (economic geography), stjórnmalandafræði (political geography), félagslandafræði (social geography) og menningarlandafræði (cultural geography). Langstærst þessara fagsviða er hagræna landafræðin, en henni má skipta í nokkur undirsvið: landbúnaðarlandafræði (agricultural geography), sjávarútvegslandafræði (fisheries geography), iðnaðarlandafræði (industrial geography), samgöngulandafræði (transport geography) og viðskiptalandafræði (geography of trade).

Mynd 1

Fagsvið og viðfangsefni mannvistarlandafræði



Ýmis viðfangsefni mannvistarlandafræðinnar eru þess eðlis, að þau falla undir fleiri en eitt ákveðið fagsvið. Sem dæmi um slíkt má nefna rannsókn innan borgalandafræði (urban geography) á svertingjahverfum í New York. Í slíkum rannsóknum fléttast oft saman hagrænir, menningarlegir, félagslegir og stjórnmálalegir þættir. Svipað á við um önnur viðfangsefni mannvistarlandafræðinnar sem ekki falla undir eitt ákveðið fagsvið, en þau eru m.a.: byggðaðróun/skipulag (regional developmental/planning); svæðalandafræði (regional geography), mannfjöldalandafræði (population geography), atferlislandafræði (behavioural geography) og sjúkdómalandafræði (medical geography).

Rannsóknarverkefni mannvistarlandfræðinga í dag eru mjög mismunandi, þótt þau tilheyri sama fagsviði eða undirsviði, en það endurspeglar að nokkru leyti mismunandi hugmyndafræðileg, heimspekileg og aðferðafræðileg viðhorf þeirra. Þær vísindalegu aðferðir, sem notaðar eru við ákveðna rannsókn byggjast að mestu á þeim hugmyndafræðilegu og heimspekilegu viðhorfum, sem liggja að baki viðfangsefninu. Til þess að framkvæma hugmyndir sínar styðjast landfræðingar oft við ýmsa tölulega greiningu, kannanir og myndrænar upplýsingar svo sem kort, loftmyndir og gervitunglamyndir.

Heimildir:

Holt-Jensen, A. (1980) Geography. It's History and Concepts
London: Harper and Row

Johnston, R.J. (1979) Geography and Geographers. Anglo-American Human Geography since 1945
London: Edward Arnold

Smith, D.M. (1977) Human Geography. A Welfare Approach
London: Edward Arnold

 RITFREGN

Alþjóðlegt vatnafarskort af Evrópu, M 1:1.500.000.

Blað B2 ÍSLAND

Ritstjórar: Árni Hjartarson, Guttormur Sigbjarnarson og
H. Karrenberg

Höfundar: Ísland - Árni Hjartarson
Færeyjar - L.J.Andersen, N.Kelstrup, J.Rasmussen

Útgefandi: Bundesanstalt für Geowissenschaften und Rohs-
toffen & Unesco. Hannover & París 1980.

Kort í stærðinni rúmlega A1 ásamt 55 bls. skýringahefti.

Útsöluaðir: Landmælingar Íslands og Bóksala stúdenta

Verð: U.þ.b. 170,- kr.

Nýlega er komið til landsins og á almennan markað, vatnafarskort af Íslandi eftir Árna Hjartarson. Er það hluti af alþjóðlegu Evrópukorti yfir vatnafar.

Kortið er fagurlega litprentað og mikil veggjarprýði, en þess utan er þar dreginn saman á korti og í skýringahefti mikill fróðleikur um jarðfræðileg og vatnafræðileg sérkenni Íslands.

Með litum eru afmörkuð svæði með gropnum, glufóttum og lítt vatnsgengum jarðlögum, litatónar gefa til kynna hve mikil lektin er, en tákmynstur segja til um jarðfræði einstakra svæða. Tekist hefur að setja þessar upplýsingar fram innan ramma alþjóðlegs staðals og þó þannig að íslensk sérkenni koma skýrt fram. Til viðbótar þessu eru svo ýmis sértákn, sem lýsa nánar grunnvatni og lindum, yfirborðsvatni, vatns-virkjum og jarðfræði. Er það í fyrsta skipti sem fróðleikur um vatnafar Íslands í heild er dreginn þannig saman, og er því hér um að ræða grundvallarverk, sem helst á sér líka í Íslenskum vötnum Sigurjóns Rist frá 1956. Gildir þetta einkum um kortið sjálft, en þar er um mikla frumvinnu að ræða,

meðan ýmislegt er gamalkunnugt í skýringaheftinu. Helst er þar nýjungar að finna um vatnajarðfræði, sem eðlilegt er.

Skýringar við kortið höfðu áður komið út sem fjölrituð skýrsla frá Orkustofnun 1979 (OS79016/JKD03) en fylgja nú kortinu prentaðar í sama formi og við önnur kortblöð sömu útgáfu. Bæði eru rit þessi á ensku, en kortið er með skýringum á íslensku, ensku og þýsku.

Í skýringarheftinu er fyrst í kaflanum um Ísland gefið sögulegt yfirlit um þróun íslenskrar vatnafræði, síðan er fjallað í sérköflum um landfræðileg efni, veður og veðurfar, jarðfræði og vatnajarðfræði, yfirborðsvatnafræði, grunnvatnsfræði og vatnsnýtingu.

Að öllu saman lögðu er hér um óhemju fróðleik að ræða, sem dreginn er saman á einn stað til heildaryfirsýnar.

Landfræðingum er mikill fengur að útkomu þessa korts og getur það vafalaust orðið beint að gagni t.d. við landshlutaskipulag, auk þýðingar sinnar fyrir þróun vatnafræðipækkingar á Íslandi.

Ekki gefst tóm til að tíunda kosti og galla korts og skýringa í stuttri ritfregn sem þessari. Látið skal nægja að geta þess, að gallar sýnast vera minni háttar og prentvillur óvenju fáar, einkum á kortinu. Ef til vill gefst tóm til þess á næstunni að gera því fyllri skil, sem vert er. Tilgangur þessara orða er fyrst og fremst sá að vekja athygli á verkinu og notagildi þess.

Hafi þeir sem að unnu, og þá einkum Árni Hjartarson jarðfræðingur, þökk fyrir framtakið.

NÁM Í LANDAFRÆÐI VIÐ HÁSKÓLANN
Í NEWCASTLE UPON TYNE

Í þessum greinarstúf er ætlunin að gefa nokkra mynd af námi í landafræði við háskólann í Newcastle, þar sem greinarhöfundur er nú á þriðja námsári.

Í háskólanum eru um 7.000 stúdentar, þar af um 250 í landafræði. Reyndar eru um 100 af þessum 250 einnig skráðir í öðrum deildum (þeir sem taka „joint“ eða „combined“ gráðu). Þrettán stúdentar eru að jafnaði í framhaldsnámi við deildina. Það er augljóst af þessum tölum, að áhugi á landafræði er mun meiri meðal breskra stúdenta en íslenskra. Þessu veldur m.a. sú staðreynd, að meiri áhersla hefur verið lögð á landafræðinámi í breskum menntaskólum en íslenskum.

Tilgangur námsins er að þjálfa nemendur í því að nota þróaðar aðferðir við könnun á dreifingu fyrirbæra. Einnig er lögð á það mikil áhersla að innræta nemendum gagnrýnið hugarfar og þeir örvaðir til að líta á kenningar fræðimanna frá fleiri en einu sjónarhorni.

Helstu þættir námsins má sjá á meðfylgjandi töflu. Er hér um að ræða „single honour“ B.A. eða B.Sc. gráðu. Málið er aðeins flóknara ef um er að ræða „joint“ eða „combined“ gráðu. Öll námskeið sem standa til boða eru heilsársnámskeið.

Á fyrsta ári þurfa stúdentar að taka tvær aukagreinar með landafræðinni, þannig að landafræðin krefst ekki nema um 1/3 til 1/2 af námstímanum. Um er að ræða 30 aukagreinar sem hægt er að velja um.

Á öðru ári er eingöngu um að ræða námskeið innan deildarinnar. Tvö námskeið er skylda að taka, en til viðbótar skal velja 6 námskeið.

Í sumarleyfinu milli annars og þriðja árs er gert ráð fyrir því, að unnið sé að lokaritgerð sem skila skal í byrjun janúar á þriðja ári. Er hér um að ræða allt að 10.000 orða ritgerð.

Á þriðja ári eru nemendur mun virkari í allri kennslu og þurfa að flytja 2-3 fyrirlestra hver um sig um veturinn. Einnig eru þeir örvaðir til umræðna eins mikið og hægt er.

Öll þrjú árin eru svokallaðir „tutorial“ tímar. Hver nemandi hefur sinn eigin umsjónarkennara, eða „tutor“, ásamt 5-7 öðrum nemendum í sama árgangi. Þessi nemendahópur kemur saman hálfsmánaðarlega ásamt kennara sínum til að ræða eitt-hvert ákveðið verkefni. Oftast þarf að undirbúa þessa umræðufundi með því að skrifa ritgerð eða greinargerð.

Þar sem fyrirlestrar eru ekki nema 1-2 tíma á viku í hverju námskeiði er gert ráð fyrir því, að nemendur lesi sér mikið til sjálfir. Af þessum sökum eru bóka- og greinastarlistar afhentir nemendum í stórum stíl. Á þriðja ári eru slíkir listar oft á tíðum afhentir í hverjum einasta fyrirlestri, þannig að úr nægu lesefni er að velja. Bókasafnið innan deildarinnar er mjög gott, með yfir 7.000 bókatitla auk fjölda tímarita og góðs kortasafns, þannig að oftast er auðvelt að nálgast lesefni sem á þarf að halda. Aðalsafnið kemur einnig oft að góðum notum.

Þar sem eingöngu er um heilsársnámskeið að ræða eru próf ekki nema einu sinni á ári, í júní. Prófin á öðru ári gilda 35-40% af lokaeinkunn og prófin á þriðja ári auk ritgerðarinnar og mats umsjónarkennara gilda 60-65%.

Í nánnum tengslum við deildina er rannsóknarstofnun sem nefnist „Centre for Urban and Regional Development Studies“. Þessi stofnun er einnig í nánnum tengslum við fleiri deildir innan háskólans. Sum námskeið á þriðja ári eru nær eingöngu í höndum C.U.R.D.S. Þetta gerir það að verkum að nemendur geta fylgst náið með því hvernig landafræðirannsóknir eru stundaðar af opinberum stofnunum.

Eins og sjá má af þessum stutta pistli er aðstaða til kennslu og fræðistarfa í landafræði mun betri í Newcastle en í Háskóla Íslands. Ástæðan er fyrst og fremst stærð deildarinnar en einnig sú að Bretland er í hópi brautryðjenda í landafræði. Upplýsingaflæðið er því mikið og mikill kostur að nema landafræði í Bretlandi.

Námskeið í B.A. og B.Sc. námi í landafræði

Fyrsta ár:

Skyldunámskeið

Mannvistarlandafræði Jarðfræði
Verklegar æfingar Námsferðir

Valnámskeið

Tvær námsgreinar utan landafræði

Annað ár:

Skyldunámskeið

Tölfræði og notkun Þjálfun í rann-
tölfræðilegra að- sóknaraðferðum
ferða í landafræði

Sex valnámskeið af eftirtöldum

Afríka	Söguleg landafræði I
Plöntu- og dýralandafræði I	Vatnamælingafræði I
Bretland	Mið- og Suður-Ameríka
Veður- og veðurfarsfræði	Maðurinn og umhverfi hans
Hagræn landafræði	Ibúalandafræði
Landfræði alþjóðahagkerfisins	Félagslandafræði
Landmótunarfræði	Borgalandafræði

Þriðja ár:

Skyldunámskeið

Lokaritgerð Landfræðileg hugsun og vinna

Fjögur valnámskeið af eftirtöldum

Hagnýt veðurfarsfræði	Landfræði sjúkdóma og
Plöntu- og dýralandafræði II	heilsufars
Þróunarlönd	Náttúran umhverfis miðbaug
Skipulagslandafræði	Náttúra Norður-Englands
Fyrirtækjalandafræði	Stjórnmalalandafræði
Landmótunarfræði II	Landshlutaskipulag í Rínar- löndum
Söguleg landafræði II	Dreifbýlislandafræði
Vatnamælingafræði II	Samgöngulandafræði
Skandinavía	
Markaðslandafræði	

 YMER 1881 - 1980

Greinar um Island og efni eftir Íslendinga

Á síðustu öld hófst útgáfa merkra landfræðitímarita í nokkrum löndum Vestur-Evrópu og koma mörg þeirra enn út. Tímarit þessi voru löngum vettvangur skrifna um náttúrufræði Íslands og birtu þar margir fræðimenn bæði Íslendingar og útlendingar greinar sínar um þau efni. Var aðallega fjallað um ákveðin svið innan landafræði og jarðfræði en einnig fornleifafræði ásamt ritdómum um bækur af ýmsu tagi. Greinarnar eru margar afar áhugaverðar þó yfirleitt sé langt um liðið síðan þær birtust, en flestar þeirra komu fram á tveimur síðustu áratugum 19. aldar og fyrstu áratugum þessarar aldar.

Meðal elstu tímaritanna eru: Geographical Journal í Bretlandi, Petermanns Mitteilungen í Þýskalandi, Geografisk Tidsskrift í Danmörku og Ymer í Svíþjóð. Ritin eru til á Landsbókasafni og fást lánuð á lestrarsal safnsins en einnig eru ákveðin tímabil úr útgáfunni til á nokkrum öðrum bókasöfnum hérlendis.*)

Út hafa verið gefnar skrár um efni nokkurra þessara tímarita og þá tekið saman efni þeirra í heild 10-50 ár í einu, en mjög er mismunandi hvað skrárnar eru ýtarlegar. Mjög bagalegt er, að það efni sem tengist Íslandi eða Íslendingum er ekki til skráð sérstaklega á einum stað og getur því tekið langan tíma að finna greinar ef ekki er fyrir hendi nákvæm tilvísun.

Fyrir tveimur árum viðaði ég að mér töluverðum upplýsingum um efni nokkurra erlendra landfræðitímarita. Eitt þeirra var Ymer og er hér birt skrá í tímaröð um það efni ritsins sem fjallar um Island eða er eftir Íslendinga.

Tímaritið Ymer er gefið út af „Svenska sällskapet för antropologi og geografi“ og hefur það komið út reglulega síðan 1881. Greinar um Island hafa birst í Ymer allt frá árinu 1883 og alls eru í ritinu 55 atriði sem tengjast Ís-

landi eða Íslendingum beint, þar af 14 ritdómar. Þessum ákveðna efnisflokkki í ritinu má skipta í 4 flokka: Greinar, stuttar fréttir, ritdóma og myndaflokka um ákveðin svæði. Margir hafa ritað um Ísland í Ymer en mest kveður að fjórum mönnum í því sambandi en þeir eru: Þorvaldur Thoroddsen, Hans W:son Ahlmann, Sigurður Þórarinnsson og Gunnar Hoppe.

Ymer hefur lengst af verið í fremur smáu broti. Fyrstu áratuginu komu út 4 hefti árlega, þá 2 hefti á ári, en síðan 1966 hefur ritið komið út í formi árbókar.

Skráningartexti þessarar skrár takmarkast við höfund, titil, árgang, útgáfuár og blaðsíðutal. Ritdómar eru skráðir á höfund en síðan er getið höfundar og titils þess verks sem fjallað er um. Mörgum greinanna fylgja myndir og kort sem hafa með tímanum fengið mikið gildi og skal sérstaklega bent á myndaflokkana (Bildserier) í því sambandi.

Eins og áður hefur verið bent á er allmikið af erlendum landfræðitímaritum til í bókasöfnum hérlandis.*) Það efni þeirra sem líklega er áhugaverðast fyrir Íslendinga er mjög óaðgengilegt og kemur fáum að gagni í dag. Æskilegt væri, seinna meir, að gera ýtarlegri skráningu, þar sem væri stuttur útdráttur um efnið og það efnisflokkað.

Skrá þessi er birt nú á þessu formi, í þeirri von að hún komi að notum fyrir þá sem vilja kynna sér efni ritsins nánar.

*) Erlend landfræðitímarit í bókasöfnum hér á landi.
Landabréf 1. tbl. 3 árg. febrúar 1981.

1. Arpi, R.
[Ferðir um Island á tímabilinu des. 1881 til nów. 1882.]
Ymer 3(1883) IX-X
2. Þorvaldur Thoroddsen
Den grönländska drifisen vid Island.
Ymer 4(1884) 145-160
3. Þorvaldur Thoroddsen
De varme Kilder paa Hveravellir i Island.
Ymer 9(1889) 49-59
4. Þorvaldur Thoroddsen
Snæfellsnes i Island.
Beretning om en i Sommeren 1890 med Understøttelse af Friherre Dr Oscar Dickson foretagen Reise.
Ymer 10(1890) 144-188
5. [Rannsóknir á Islandi]
[Um Þorvald Thoroddsen]
Ymer 12(1892) 209-210
6. Undersökningar på Island
[Um Þorvald Thoroddsen]
Ymer 18(1898) 202
7. Santesson, Henrik
Undersökningar på Island
Ymer 18(1898) 266-271
8. Svedenborg, G.V.E.
Om den på Island funna flytbojen från Andréexpeditionen
Ymer 19(1899) 333-335
9. Andersson, Gunnar
Ytinnehället af några arktiska länder.
Ymer 24(1904) 128
10. Þorvaldur Thoroddsen
Hypotesen om en postglacial Landbro over Island og Færøerne set fra et geologisk Synspunkt.
Ymer 24(1904) 392-399
11. Simmons, Herman G.
Har en landbrygga öfver Nordatlanten funnits i postglacial tid?
Ymer 25(1905) 150-155
12. Þorvaldur Thoroddsen
Endnu nogle Ord om Landbrohypotesen.
Ymer 26 1906 (93-101)
13. Nelson, Helge
Þorvaldur Thoroddsen Island. Grundriss der Geographie und Geologie I-II. Gotha. Justus Perthes. 1905-1906. 358 bls. (Ergänzungsheft No. 152-153 zu Petermanns Mitteilungen.)
Ymer 28(1908) 90-93 (Ritd.)
14. Backman, Alfred
Folketro på Island
Ymer 31(1911) 317-348
15. Klinckowström, A.
Þorvaldur Thoroddsen Lýsing Islands. I. og II. bindi. Kbh. HfB. 1907-1911. 1038 bls.
Ymer 31(1911) 392-394 (Ritd.)
16. Þorvaldur Thoroddsen
Klinckowström, A.
Bland vulkaner och fågelberg. Reseminnen från Island och Färöarna I-II. Sth. 1911. 291 bls.
Ymer 33(1913) 197 (Ritd.)
17. Anderson, Gunnar
De danske Atlanterhavsøer en orienterende oversigt over forholdene paa Island, Færøerne, Grønland og de dansk-vestindiske øer med særligt henblik paa den økonomiske udvikling udgivet af foreningen „De danske Atlanterhavsøer“. Kbh. 1904-1911. 877 bls.
Ymer 34(1914) 281-282 (Ritd.)

18. Lindblom, K. Gerhard
Lindqvist, Nat.
En isländsk svartkonstbok från
1500-talet, utgiven med över-
sättning och kommentar. Uppsala
1921. 76 bls.
Ymer 41(1921) 334-336 (Ritd.)
19. Andersson, Gunnar
[Þorvaldur Thoroddsen]
Ymer 41(1921) 361-362
20. Samuelsson, Carl
Svenska Islandsexpeditionen
1923.
Ymer 44(1924) 442-444
21. Samuelsson, Carl
Några studier över erosions-
företeelserna på Island.
Ymer 45(1925) 339-355
22. Samuelsson, Carl
Thule, Gardarsholm, Snöland
och Island. Några studier
över Islands upptäckthistoria.
Ymer 47(1927) 49-79
23. Ahlmann, H. W:son
Deutsche Islandforschung 1930.
Mit Unterstützung der Notge-
meinschaft der deutschen Wissen-
schaft. Hrsg. v. W.H.Vogt und
H.Spethmann. Bd. I-II. Breslau,
Hirt 1930. 392, 175 bls. (Ver-
öffentl. der Schleswig-Holstein-
ischen Universitätsgesellschaft
Nr. 28, I.)
Ymer 51(1931) 94-95 (Ritd.)
24. Sigurður Þórarinnsson
Jvan, Walter
Island. Studien einer Landeskunde.
Berliner Geographische Arbeiten,
herausgegeben vom Geographischen
Institut der Universität Berlin.
155 s. Stuttgart 1935.
Ymer 55(1935) 339 (Ritd.)
25. Sigurður Þórarinnsson
Jakobsen, Jörgen-Frantz
Færøerne. Natur og Folk.
Kbh. 1936. (295 bls.)
Ymer 56(1936) 325-326 (Ritd.)
26. [Sansk-Íslenski Vatnajökuls-
leiðangurinn 1936]
Um Hans W:son, Ahlmann
Ymer 56(1936) 342
27. Ahlmann, Hans W:son
Den svensk-isländska Vatnajökull-
expeditionen.
Ymer 57(1937) 1-28
28. Geysir (Geografiska Bilder)
Ymer 59(1939) 237-243
29. Sigurður Þórarinnsson
Fronne, Karl
Die Nordgermanische Kolonisation
im Atlantisch-polaren Raum. Stu-
dien zur Frage der nördlichen
Siedlungsgrenze in Norwegen und
Island. Schriften des Geogra-
phischen Instituts der Universität
Kiel Bd. X, Kiel 1939.
Ymer 60 (1940) 76-77 (Ritd.)
30. Tengström, Erik
Var låg Vinland det Goda? Några
synpunkter på en gammal fråga.
Ymer 60(1940) 106-117
31. Skeiðará (Geografiska Bilder).
Ymer 60(1940) 290-296
32. Sigurður Þórarinnsson
Sveinn Pálsson. EA hundraårs-
minne.
Ymer 61(1941) 1-10
33. Ahlmann, Hans W:son
Natur och människor inom isom-
råðerna kring nordligaste At-
lanten. Vegaföredrag den 24.
april 1941.
Ymer 61(1941) 174-189

34. Steinberger, Mårten
Island och Grönland som nordisk bygd under vikingatid och medeltid.
Ymer 61(1941) 241-263
35. Sigurður Þórarinnsson
Mot eld och is. Den tusen-åriga kampen på Nordens västfront.
Ymer 61(1941) 264-300
36. Sigurður Þórarinnsson
Vinlandsproblemet. Några reflexioner med anledning av V. Tanners skrift.
Ymer 62(1942) 39-46
37. Sigurður Þórarinnsson
Island. Bildserie.
Ymer 64(1944) 161-167
38. Ahlmann, Hans W:son
Sigurður Þórarinnsson Tefrokronologiska studier på Island. Þjórsárdalur och dess förödelse. Geografiska Annaler: 1-2. (Doktorsavhandling). Sth. 1944. 217 s.
Ymer 64(1944) 175-177 (Ritd.)
39. Sahlström, K.E.
Forntida gårdar i Island. Meddelanden från den nordiska undersökningen i Island sommaren 1939. Kbh. 1943. 333 s.
Ymer 64(1944) 254-256 (Ritd.)
40. Hedenstierna, Bertil
Ástvaldur Eydal
Havets silver. En bok om sillen. Sth. 1944. 183 bls.
Ymer 65(1945) 74-75 (Ritd.)
41. Sigurður Þórarinnsson
Islands kartläggning
Ymer 65(1945) 115-129
42. Sigurður Þórarinnsson
Hekla har utbrott. Bildserie.
Ymer 67(1947) 58-66
43. Ástvaldur Eydal
Några drag i Islands näringsliv av i dag.
Ymer 69(1949) 1-10
44. Ahlmann, Hans W:son
Exkursjonen till Island sommaren 1948.
Gerd Enequist 23-27
Nils Friberg 27-35
Filip Hjulström 35-39
N.G.Hörner 40-48
Harald Johansson 48-51
Valter Schytt 51-53
Ymer 69(1949) 11-55
45. Hjulström, Filip
På expedition till isländska sandurfält 1951 och 1952.
Ymer 73(1953) 161-191
46. Hoppe, Gunnar
Några iakttagelser vid isländska jöklar sommaren 1952.
Ymer 73(1953) 241-265
47. Iceland
Geographical Departments, Publications and Periodicals in „Norden“.
Ymer 80(1960) 234
48. Hoppe, Gunnar
Biogeografiskt symposium på Island
Ymer 83(1963) 164
49. Hoppe, Gunnar
Exkursjoner till Island
Ymer 85(1965) 134-136
50. Sigurður Þórarinnsson
Surtseyutbrottet och den marina abrasionen.
Ymer 87(1967) 70-82

51. Hoppe, Gunnar
Sigurður Þórarinnsson
Surtsey. En ö stiger ur havet.
Sth. 1966. 54 s.
Ymer 87(1967) 275-276 (Ritd.)
52. Hoppe, Gunnar
Sigurður Þórarinnsson
The Eruption of Hekla 1947-1948.
The Eruption of Hekla in
Historical Times, Vísindafélag
Íslendinga 1967.
Ymer 87(1967) 275-276 (Ritd.)
53. Sigurður Þórarinnsson
De isländska glaciärernas os-
cillationer (Birt með grein
eftir Ahlmann, Hans W:son :
Klimatologiska förändringar om-
kring Nordatlanten under gammal
och nyare tid. Ymer 90(1970)
219-236.)
Ymer 90(1970) 233
54. Hoppe, Gunnar
Vegadagen 1970. Tal til Vega-
medaljörerna. Sigurður Þórarins-
son.
Ymer 90(1970) 258-260
55. Sigurður Þórarinnsson
Några vulkanologiska synpunkter
på Santorinutbrottet
Ymer 96/97(1976/1977) 399-401

RÁDSTEFNA OG AÐALFUNDUR

Stjórn félagsins stefnir að því, að efna til smá ráðstefnu í tengslum við komandi aðalfund, undir kjörorðinu: „Hvað starfa landfræðingar?“.

Ráðstefnan verður væntanlega haldin 24. apríl næstkomandi í stofu 201 Árnagarði kl. 13³⁰ og mun aðalfundur verða haldinn strax á eftir ráðstefnunni. Ræðutími á mann er 10 mínútur og fyrirspurnatími 5 mín. á eftir hverri ræðu. Ráðstefnunni er ætlað að standa í um tvær klst, en það fer eingöngu eftir því hverjar undirtektir þessi hugmynd hlýtur.

Þeir landfræðingar, sem áhuga hafa á því að halda smá tölu um starf sitt á þessari ráðstefnu, láti einhvern úr stjórn félagsins vita fyrir 15. mars næstkomandi.

Sigríður Hauksdóttir, formaður	h.s.20389/v.s.83600
Halldór Eiríksson, varaformaður	h.s.16479
Einar Egilsson	h.s.40763/v.s.22090
Gunnfriður Hermannsdóttir	h.s.31623
Ingibjörg Guðlaugsdóttir	h.s.28848
Theodór Theodórsson	h.s.10861
Þorbjörg Kjartansdóttir	h.s.10693/v.s.29344

EFNISYFIRLIT

	<u>Bls.</u>
Jónas Helgason: Flóaferð	1
Rit í landafræði sem borist hafa í safndeild Jarðfræðahúss frá 1. mars - 1. nóvember 1981	3
Guttormur Sigbjarnarson: Alpajöklar og öldu- brjótar - Útdráttur	6
Sigfús Jónsson: Hvað er mannvistarlandafræði	7
Kristinn Einarsson: Ritfregn	12
Hafsteinn Óskarsson: Nám í landafræði við háskólann í Newcastle upon Tyne	14
Þorvaldur Bragason: Ymer 1881 - 1880. Greinar um Ísland og efni eftir Íslendinga	17
Ráðstefna og aðalfundur	23